

***Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 27. maí 2021: Tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um endurskoðun jafnlaunastefnu***

Lagt er til að ráðast í vinnu við að endurskoða jafnlaunastefnu Reykjavíkur þannig að hún endurspegli enn betur margbreytileika starfsfólks borgarinnar með meiri áherslu á launajafnrétti óháð uppruna, stöðu og öðrum breytum, auk kyns. Núverandi stefna tekur mikið mið af innleiðingu jafnlaunavottunar þar sem lykiláhersla er kynbundinn launamunur. Hér er verið að leggja til að ramma betur inn aðrar breytur sem valdið geta launamisrétti.

**Greinargerð:**

Jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í fyrsta sinn í borgarráði 26. september 2019 og tók við af launastefnu borgarinnar. Jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar nær til alls starfsfólks borgarinnar.

Sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs ber ábyrgð á jafnlaunakerfinu og að það standist lög og alþjóðlegar skuldbindingar varðandi jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Sviðsstjórinn er fulltrúi yfirstjórnar Reykjavíkurborgar varðandi jafnlaunakerfið og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við ÍST 85:2012.

Reykjavíkurborg hlaut í kjölfar samþykktar nýrrar jafnlaunastefnu jafnlaunavottun. Vottunin staðfestir að jafnlaunakerfi Reykjavíkurborgar stenst þær kröfur sem lagðar eru fram í jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012. Með þessu er staðfest að Reykjavíkurborg hefur innleitt, skjalfest og gert áætlanir um stöðugt viðhald á jafnlaunakerfi sínu sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins.

Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Erindisbréf fyrir hópinn verði lagt fram í kjölfar þessarar samþykktar.